

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

Þormóðseyri, Vetrarbraut 8-10.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 15. maí 2025 nýtt deiliskipulag Vetrarbrautar 8-10 á Þormóðseyri, Siglufirði.

Á 321. fundi skipulags- og umhverfisnefndar var lögð fram breyting á deiliskipulagi sem auglýst var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti frá 6. febrúar 2025 til 20. mars 2025. Umsagnir bárust frá Minjastofnun Íslands og Rarik sem gerðu ekki athugasemdir við breytinguna.

Breytingin frá fyrra deiliskipulagi nær til lóðarinnar Vetrarbrautar 8-10 þar sem fyrirhuguð er viðbygging sem kemur m.a. til með að hýsa baðstofu á þakhæð hússins. Í dag er í húsinu bjórframleiðsla, leiga á veislusal og móttaka viðskiptavina. Stærð og afmörkun lóðarinnar Vetrarbrautar 8-10 er lagfærð í samræmi við gildandi lóðarleigusamning og stækkar því úr 3.214,4 fm í 4.220,5 fm. Stækkunin er fengin úr Aðalgötu 6B sem var í gildandi deiliskipulagi skráð 1.926,1 fm en verður 1.193,5 fm eftir breytingu og úr óútvísuðu landi Fjallabyggðar landnr. 143100. Hámarksbyggingarmagn innan Aðalgötu 6B helst óbreytt. Byggingarreitur Vetrarbrautar 8-10 stækkar vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar og verður heimilt að byggja innan byggingarreits allt að 350 fm grunnflöt við húsið með hámarkshæð allt að 13 m vegghæð og 15 m mænishæð. Gert er ráð fyrir gangstétt sveitarfélagsins innan lóðar þar sem lóðarmörk ná út að götu. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 11. september 2025.

Pálmi Blængsson,

verkefnastjóri skipulags -og umhverfissviðs.

B deild - Útgáfudagur: 25. september 2025